



## Reglur fyrir mætingaskráningu í Hyldýpi

Skv. tilmælum frá Samfés – Landssambandi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa, eiga þeir sem sækja best starfsemi sinnar félagsmiðstöðvar og virða reglur hennar að njóta forgangs í miðaðúthlutun á viðburði á vegum Samfés. Þetta er sett fram af öryggissjónarmiðum, að starfsfólk félagsmiðstöðva þekki þá krakka sem sækja viðburðina og að á milli þeirra ríki traust og trúnaður. Einnig gilda takmarkanir við því hversu marga unglinga hver starfsmaður má hafa á sinni könnu.

1. Mætingar eru aðeins skráðar á þeim viðburðum þar sem boðið er upp á akstur heim.
2. Þeir sem ekki komast á þessa viðburði af gildum ástæðum eins og
  - a. vegna veikinda,
  - b. vegna æfinga eða annarra viðburða annarsstaðar,
  - c. eða eiga ekki kost á því að vera ekið í félagsmiðstöðina,geta meldað sig fjarverandi í Sportabler og tilgreint ástæðu. Sé ástæðan einhver af ofangreindum, eða önnur góð og gild, skráist mæting á viðkomandi.
3. Það er ekki hægt að fá skráða mætingu með því að mæta í stuttan tíma á viðburð og láta sig svo hverfa án ástæðu. Starfsmenn Hyldýpis fylgjast stöðugt með því hverjir eru á staðnum og hverjir ekki. Geti einhverjir ekki verið allan viðburðinn af einhverjum ástæðum, þurfa þeir að ræða við starfsmenn til að halda mætingunni sinni.

Það er mikilvægt að allir geri sér grein fyrir þessum mætingareglum strax í upphafi en vakni ekki upp við vandan draum þegar það er orðið of seint.